



9. fundur aðalstjórnar Aftureldingar 5. okt. 2011

Fundur settur kl. 18:30 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Kristín Reynisdóttir, Sævar Kristinsson og Ásmundur Pálsson. Helga Jóhannesdóttir og Hekla Klemenzdóttir mættu síðar á fundinn Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Uppskeruhátíð
2. Sérstakar viðurkenningar
3. Húsnæðismál
4. Frístundabíll
5. Erindi frá Safalinn
6. Erindi frá foreldrum

1. **Uppskeruhátíð 8. október** Brynjar Jóhannesson fór yfir skipulag dagsins. Mæting sjálfbóðaliða kl. 9. Hver deild sendir 10 sjálfbóðaliða. Viðurkenningarskjöl eru klár. Heilsusamlegar veitingar verða um morguninn. Stefnt er að því að börnin fái gjöf. Halla verður kynnrir. Heiðursfélögum verður sent boðsbref á hátíðina. 2. flokkur karla í fótbolta setur upp sviðið. Indriði mun ganga í að hafa hljóðkerfi klárt. Brynjar hefur samband við Mosfelling. Guðjón talar við ljósmyndara til að mynda bæði fyrir og eftir hádegi. Dagrenningur verður gefinn öllum sem fá viðurkenningu eftir hádegi. ASG verður kynnrir eftir hádegi.
2. **Sérstakar viðurkenningar.**
Starfsbikar, ákveðið að Blakdeild fái hann fyrir gott starf og árangursríka uppbyggingu blakdeildar, sem best sést á því að Blakdeild er nú komin með lið í 1. deild og í öllum fjórum deildum í Íslandsmóti kvenna hjá Blaksambandi Íslands.
Hópbikar fer til mfl kvk í fótbolta sem sýndu mikla þrautseigju í baráttunni í Pepsi deildinni, héldu sæti sínu í deildinni og komust í 4. liða úrslit í Valitor bikarkeppninni.
Vinnuþjarkur Andrea M. Jónsdóttir fær vinnuþjarkinn fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu Karatedeildar mörg undanfarin ár þar sem hún hefur borið hitann og þungann af starfi deildarinnar.
Íþróttakarlar og kona voru valin úr rökstuddum tilnefningum deilda og urðu Sigurgeir Thoroddsen úr frjálsum og Telma Rut Frímansdóttir úr karatedeild fyrir valinu.
Sérstakar viðurkenningar. Jón Pálsson, Inga Lilja Lárusdóttir, Friðrik Gunnarsson, Jacalyn Fia Grétarsson, Halldór Karl Þórisson.
3. **Húsnæðismál.** Formaður ræðir stöðu húsnæðismála. Beðið er eftir niðurstöðu skoðunar á hagkvæmnikostum þess húsnæðis sem í boði er.
4. **Erindi v. frístundabíls** Formaður segir frá bréfi frá framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs hjá Mosfellsbæ, Birni Þrání Þórðarsyni, þar sem óskað er eftir því að félagið lýsi yfir vilja sínum til að gera

frístundabíl í Mosfellsbæ að veruleika. Ekki er um fjárframlög frá félaginu að ræða. Aðalstjórn er samþykkt því og óskar eftir að koma að nánari skipulagningu verkefnisins ef af því verður.

5. **Erindi frá Safalinn.** Formaður ræðir erindi frá Safalinn er varðar rangfærslur sem birst hafa í greinum í Mosfellingi um samninga fyrirtækisins við Aftureldingu.
6. **Erindi frá foreldrum** Formaður kynnir erindi frá foreldrum sem áður höfðu verið í sambandi við aðalstjórn vegna þjálfunarmála. Formaður setur sig í samband við viðkomandi um fundi í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið kl. 20:00 Næsti fundur ekki ákveðinn.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar